



- Stjórn foreldraráðs/félags veturinn 2017-2018 skipa:

Anna Rósa Einarsdóttir - formaður

Berglind Harðardóttir - ritari

Eva Hrund Aðalbjarnardóttir - gjaldkeri

Bjarnfríður L Guðsteinsdóttir - meðstjórnandi

Halla Ósk Heiðmarsdóttir - meðstjórnandi

Guðrún Björk Magnúsdóttir - meðstjórnandi

Guðrún Ósk Guðjónsdóttir - meðstjórnandi

Netfang foreldrafélagsins: foreldrarhulduheima@gmail.com

- Þar sem við vorum að vinna í þróunarverkefninu „Námsmat á mörkum skólastiga“ í fyrra munum við halda áfram með markmiðin okkar. Við höfum verið að endurskoða námsmat í könnunaraðferðinni og í gegnum ferilmöppur, við höfum samræmt aðferðir varðandi TRAS skráningar og eftirfylgni. Nú erum við að skoða mat okkar á hreyfiproska barna og hvenær er rétt að grípa til sérstakra aðgerða.
- Jólaball leikskólans verður með svipuðu sniði og í fyrra, þ.e. á leikskóladegi með þátttöku barna og starfsfólks.
- Leikskólinn hefur hlotið viðurkenningu frá Slysavarnarfélaginu Landsbjörg og Samgöngustofu vegna könnunar á öryggi barna í bíl 2017. Þar kemur fram að foreldrar og forráðamenn í leikskólanum okkar eru til fyrirmyndar og nota réttan búnað í bíl fyrir börnin sín. Nánari upplýsingar um könnunina má sjá á www.samgongustofa.is
- Í haust var sett upp girðing í garðinum og yngra og eldra svæði því afmarkað. Starfsfólk er mjög ánægt með þessa breytingu enda auðveldar hún yfirsýn yfir leiksvæði til mikilla muna. Tekið skal fram að eldri börnum er ekki haldið frá yngri börnum og er oft opið á milli í gegnum skúrinn og einnig gengið í gegnum hliðið við Kattholt.
- Gaman er að segja frá því að leikskólinn fékk skemmtilega liti í afmælisgjöf frá foreldrafélaginu. Litirnir kallast litavölur og efla þrígrip barna og búa þau undir að skrifa með blýanti. Litirnir eru unnir úr náttúrulegu efni. Einnig fengum við nuddtæki frá foreldrum bræðra í leikskólanum og kemur það að góðum notum í kaffistofunni. Þökkum kærlega fyrir okkur :)

Desember:

30.nóv. - Kirkjuferð,
tveir elstu árgangar.

5.des.- Rauður dagur

6.des.- Jólaglugginn

14.des.-Jólaball

Til minnis:

- Munið eftir heimasíðunni þar sem eru ýmsar upplýsingar um starfið okkar.
- Læsið ávallt millihurðum í anddyrum skólans og hleypið ekki út fylgdarlausum börnum.

Vistunartími

Leikskólinn er opin frá 7:45-16:30 og vinnutímar starfsfólks ráðast af vistunartímum barna. Allar óskir um breytingar á dvalartíma þurfa að berast leikskólastjóra fyrir 15.hvers mánaðar.